




Ekki færri í mat nú en áður

Eftir umræðu í þjóðfélaginu undanfarið um að börn væru umvörpum að hætta í mataráskrift í skólunum vegna bágs efnahagsástands heimilianna, ákváðu samtökin að gera könnun í grunnskólum á því hvort verulegar breytingar hafi orðið á fjölda barna í mat síðastliðna mánuði.

Alls bárust svör frá 101 skóla af þeim 174 sem fengu sendan spruningalista. Niðurstaðan var sú að ekki er merkjanleg óeðlileg fækkun barna í mataráskrift. Aðeins 5,9% skólanna nefndu óverulega fækkun í áskrift (á bilinu 1-8 einstaklingar) en tekið var fram að það væri sennilegast



Breytingar á mataráskriftum sl. mánuði hjá þeim skólum sem svörðu. Könnun gerð janúar 2009 – Heimili og skóli sendi út spurningalista á 174 skóla 101 skóli svaraði eða 58% svarshlutfall.



- Allir í mat 16,83%
- Fækkun 5,9%
- Fjölgun 11,88%
- Engin breyting 65,39%

ekki efnahagsástandið sem réði því. Hins vegar var fjölgun í mataráskrift hjá 11,88% þeirra skóla sem svörðu.

Heimili og skóli hefur komið á samráði við menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Umboðsmann barna, Kennarasamband Íslands og ÍSí til

að skiptast á upplýsingum og ræða um þær vísbendingar um ástandið sem fram koma bæði í ráðgjafarsíma HogS og það sem stjórn og starfsmenn samtakanna hafa orðið áskynja um undanfarið í starfseminni almennt. Einnig að heyra hvernig staðan blasir við öðrum á fundinum.

Foreldraráð í leikskólum

Heimili og skóli hefur að undanfögnu staðið fyrir kynningu á hugmyndum að starfsreglum um foreldraráð í leikskólum. Hefur það mælst vel fyrir og hafa samtökin ákveðið að gefa út leiðbeinandi reglur um starfsemi foreldraráðanna sem byggðar eru á reglum og starfsreynslu foreldraráðanna sem störfuðu áður með góðum árangri í grunnskólunum. Ekki verður gefin út sérstök reglugerð af hálfu menntamálaráðuneytisins um foreldraráðin líkt og gert var um nýju skólaráð grunnskólanna.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við skrifstofuna en samtökin eru með námskeið fyrir foreldra barna á öllum skólastigunum.



Nýjar reglugerðir

Heimili og skóli hefur sent formönnum foreldrafélaga grunnskóla sérstakt erindi frá menntamálaráuneytinu þar sem vakin er athygli á á tveimur nýlega útgefnum reglugerðum:

um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008
og um skólaráð við grunnskóla, nr. 1157/2008

Leikskólinn Vinagerði hlýtur kynslóðaspýttuna í ár

Kynslóðaspýttan er veitt fyrir frumkvæði og samstarf í því að leiða kynslóðir saman til góðra verka. Leikskólaborðin í Vinagerði læra tákni með tali án þess að fjölskylduáðstæður kalli sérstaklega á það. Þessi þekking barnanna hefur nýst vel í félagsstarfinu þegar fólk frá Félagi heyrnalausra nýtir þá aðstöðu sem það hefur nú fengið hjá félagsstarfinu Gerðubergi. Þar sem þetta merkilega samstarf kynslóðanna er alfarið sjálfsprottið þótti vel við hæfi að Leikskólinn Vinagerði hljóti kynslóðaspýttuna í ár.



Vel heppnað málþing um rafrænt einelti

Rafrænt einelti er alvarlegt og vaxandi vandamál. Samskipti barna og ungmenna á netinu eru þó að öllu jöfnu jákvæð og uppbyggileg. Foreldrar og þeir sem koma að uppeldi barna þurfa að vera vel vakandi yfir velferð þeirra. "Við megum ekki gleyma því að án öryggis er ekkert frelsi. Þetta á ekki hvað síst við á netinu" sagði Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra er hann setti fjölmennt málþingið um rafrænt einelti á alþjóðlega netöryggisdeginum 10. feb. sl. Málþingsgestir voru sammála því að leggjast betur á árarar um að brýna mikilvægi samskiptareglna fyrir börnum og ræða almennt um virðingu og heilbrigða samskiptahætti við þau.

Sjá nánar á heimasíðu SAFT saft.is